

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með skv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð fyrir Vatnsveitu Vopnafjarðarhrepps nr. 137 14. mars 1978.

Félagsmálaráðuneytið, 9. apríl 1986.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Pórhildur Líndal.

Nr. 225

GJALDSKRÁ

12. apríl 1986

vegna eftirlits á vegum Geislavarna ríkisins
fyrir árið 1986.

1. gr.

Eftirlitsgjöld fyrir árið 1986, sem Geislavarnir ríkisins innheimta og falla í gjalddaga 15. apríl 1986 með eindaga 15. júní 1986, verða sem hér segir:

	Kr.
1. Röntgenskoðunartæki	
a. Föst tæki — myndataka	4 090,00
b. Föst tæki — skygging	5 450,00
c. Aukalampar	1 230,00
d. Færanleg tæki — myndataka	3 370,00
e. Færanleg tæki — skygging	4 090,00
f. Tannröntgentæki	3 370,00
g. Iðnaðarröntgentæki	3 370,00
2. Geislalækningatæki	9 110,00
3. Geislavirk efni, fyrir hvern þann stað, sem slík efni eru notuð	3 370,00
4. Önnur geislataeki	
a) Nifteindataeki	12 000,00
b) Önnur tæki, sem ekki falla undir lið 1—3	3 370,00
5. Eftirlit með geislaskömmtum starfsfólks.	
a) Filmumælingar, fyrir hvern starfsmann	820,00
b) TLD-mælingar, fyrir hvern starfsmann	1 640,00

2. gr.

Eftirlitsgjöld eru tryggð með lögveðsrétti í eftirlitsskyldum tækjum í 2 ár eftir gjalddaga.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með stoð í lögum nr. 117/1985 um geislavarnir.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. apríl 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.